

## Vinnustaðanám innflytjenda

**Til** : Þórdís Sif Sigurðardóttir; Jón Páll <jonpall@bolungarvik.is>  
**Frá** : gudrun.gissurardottir@vmst.is <gudrun.gissurardottir@vmst.is>  
**CC** : Sædís María Jónatansdóttir <saedis@frmst.is>; Arnar.Stefansson@vmst.is <Arnar.Stefansson@vmst.is>  
**Heiti** : Vinnustaðanám innflytjenda  
**Málsnúmer** : 2020020030  
**Málsaðili** : Vinnumálastofnun  
**Skráð dags** : 13.02.2020 13:16:34  
**Höfundur** : gudrun.gissurardottir@vmst.is <gudrun.gissurardottir@vmst.is>

Viðhengi [ATT00001.jpe](#)[ATT00001.jpe](#)

### Til bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar

#### Getur sveitarfélagið aðstoðað við aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi?

Hjá Vinnumálastofnun er fyrirhugað að fara af stað með 180 stunda nám fyrir hluta innflytjenda á atvinnuleysissskrá á Norðanverðum Vestfjörðum sem hefst í lok febrúar í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Áhugi er á að tengja námið að þessu sinni við vinnustaðanám á vinnustað til að atvinnuleitendur geti æft sig í íslensku samhliða kennslunni og fái tækifæri til að fá innsýn í nýja vinnustaði. Reynslan hefur sýnt að árangurinn er oft mestur ef hægt er að tengja íslenskunám við vinnu.

Hugmyndin er að innflytjendur verði á námskeiði fyrir hádegi og færu inn á vinnustaði eftir hádegi þar sem að þeir ynnu t.d. 3-4 tíma á dag eftir samkomulagi 4-5 daga í viku. Vinnustaðurinn þarf ekki að greiða laun fyrir vinnuframlagið en þyrfti að fá viðkomandi verkefni að vinna á þessum tíma, þ.e. nemi yrði undir leiðsögn frá e-h starfsmanni eða fylgdi starfsmanni eftir í störfum til að auka við orðaforða sinn. Eins þyrfti að tryggja að starfsmaður/menn í vinnustaðanámi séu slysatryggðir eins og aðrir starfsmenn á vinnustaðnum á meðan vinnustaðanámið stendur yfir. Hugmyndin er að vinnustaðanámið yrði í 4- 5 vikur þ.e. frá 2. mars eða 9. mars fram til 3. apríl.

Hér með er leitað til sveitarfélagsins um vinnustaðanámspláss fyrir atvinnulausa innflytjendur hálfan daginn (3-4 tíma á dag) t.d. í áhaldahúsi, grunnskóla, mótuneyti, leikskóla, á skrifstofu eða í öðrum vinnustöðum/störfum á vegum sveitarfélagsins. Vinnustaðanám getur verið á Ísafirði en einnig gætu sum vinnustaðapláss verið á Flateyri, Suðureyri og í Bolungarvík ef um er að ræða einstaklinga búsetta á þeim stöðum.

Við vonum að sveitarfélagið taki vel í þessa málaleitan en í framhaldi af þessum pósti verður haft samband við sveitarfélagið. Einnig verður leitað til einkafyrirtækja. Nú eru tæplega 50 einstaklingar af erlendum uppruna á atvinnuleysissskrá á Norðanverðum Vestfjörðum .

Með góðri kveðju,

Guðrún Stella Gissurardóttir, Vinnumálastofnun

## Sædís María Jónatansdóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.